

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**733. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 9. janúar 2012
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

Dagskrá:

1. Samþykkt um söfnun og förgun úrgangsefna í Húnaþingi vestra, til endurskoðunar.
2. Snjómokstursreglur, yfirlit.
3. Bréf Innanríkisráðuneytisins.
4. Innanríkisráðuneytið, auglýsing um sameiningu.
5. Samningur við Símann.
6. Úthlutun íbúða fyrir aldraða.
7. Reglur um byggðakvóta.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og umhverfisstjóri eru mættir á fund byggðarráðs. Umhverfisstjóri lagði fram drög að tillögu að breytingu á Samþykkt um söfnun og förgun úrgangs í Húnaþingi vestra. Byggðarráð samþykkir að vísa drögunum til afgreiðslu sveitarstjórnar.
2. Snjómokstursreglur, yfirlit.
3. Lagt fram bréf Innanríkisráðuneytisins dags 30. desember s.l. þar sem lagt er til að sett verði í reglugerð ákvæði þess efnis að dómumdæmi sameinaðs sveitarfélags Húnaþings vestra og Bæjarhrepps tilheyri dómumdæmi héraðsdóms Norðurlands vestra. Byggðarráð lýsir sig samþykkt ofangreindri tillögu.
4. Lögð fram til kynningar auglýsing Innanríkisráðuneytisins um sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra í eitt sveitarfélag.
5. Lagður fram til kynningar samningur við Símann hf. um stækkun ADSL sírstöðva á Hvammstanga og Laugarbakka.
6. Úthlutun íbúðar í Nestúni. Byggðarráð samþykkir að úthluta íbúð nr.104 í Nestúni 4-6 á Hvammstanga til Ólafar Pálsdóttur. Úthlutun íbúðar að Gilsbakka 5, Laugarbakka. Byggðarráð samþykkir að úthluta Sveini Guðmannssyni íbúðinni.
7. Reglur um byggðakvóta.

„Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi reglur um úthlutun 66 þorskígildistonna byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2011/2012:

Ákvæði reglugerðar nr. 1182 frá 2011 gilda með eftirfarandi viðaukum/breytingum:

- a) Byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 675/2009 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 1182/2011 frá 21. desember 2011, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2011/2012. Skipting er eftirfarandi: 35% er skipt jafnt milli ofangreindra skipa og 65% milli ofangreindra skipa þannig að til viðmiðunar verði löndunarhæsta ár útgerðar í Hvammstangahöfn í þorskígildum talið. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiar nú 2008/2009, 2009/2010 og 2010/2011.
- b) Vinnsluskylda samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 1182/2011 er felld niður og því orðast 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað ... o.s.frv.

Rökstuðningur/viðaukar/breytingar frá reglugerð 1182/2011 er felast í tillögum Húnaþings vestra eru eins og sérákvæði Húnaþings vestra voru endanlega hvað varðar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2009/2010. Hvað **a)** lið varðar þá er um sömu ákvæði að ræða og s.l. fiskveiðiár, rökstuðningur úthlutun byggðakvóta til Húnaþings vestra er vegna skerðingar í veiðum og vinnslu á rækju. Hvað **b)** lið varðar þá er rökstuðningur sveitarstjórnar sá að í byggðarlaginu er engin bolfiskvinnsla.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:53

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Einar Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Áheymarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari

Sigurður Kjartansson